



## Dalavefurinn - [www.dalir.is](http://www.dalir.is)

Vefurinn dalir.is er vefur sveitarfélagsins Dalabyggðar. Hlutverk hans er fyrst og fremst til að veita íbúum upplýsingar um stjórnsýslu, starfsemi og þjónustu sveitarfélagsins. Þá eru birtar fréttir af menningar- og samfélagstengdum viðburðum og öðru í héraðinu og nágrenni. Vefur Dalabyggðar er ekki hugsaður til að birta almennar fréttir úr héraðinu.

## Atburðadagatal

Inn á atburðadagatalið geta íbúar og gestir fengið birta viðburði, fundi eða annað sem þeir standa fyrir. Miðað er við að viðburður sé opinn öllum, að minnsta kosti öllum á ákveðnum aldri eða kyni. Ekki er þó leyfilegt að auglýsa þar áfengi og annað sem ekki á erindi til barna og unglings.

## Fréttaveita

Á fréttaveitu eru birtar fréttir, tilkynningar og upplýsingar frá sveitarfélagini. Auk þess eru birtar þar fréttir af menningartengdum viðburðum, tilkynningar frá öðrum opinberum aðilum og annað sem hefur samfélagslegt gildi.

Á vef Dalabyggðar eru ekki birtar auglýsingar frá fyrirtækjum, félögum og einstaklingum vegna sölu á vöru og þjónustu. Undantekningar eru þegar það tengist beint menningartengdum viðburðum í héraðinu eða þegar ágóði fer til góðgerða- eða samfélagsmála.

## Stjórnsýsla

Undir stjórnsýslu eru birtar fundargerðir, erindisbréf, stjórnir, nefndir, samþykktir, ársreikningar, gjaldskrár, eyðublöð, fjallskil, jafnréttisáætlun, starfsmannastefna og annað tengt stjórnsýslu sveitarfélagsins.

## Þjónusta

Undir þjónustu eru birtar upplýsingar um einstaka stofnanir og starfsemi sveitarfélagsins, þá þjónustu sem þær veita og opnunartíma. Má þar nefna áhaldahús, bygginga- og skipulagsmálefni, félagsheimili, félagsþjónustu, hafnir, íþróttamannvirki, skólaa, skrifstofu, söfn, vinnuskóla og aðrar stofnanir og deildir sveitarfélagsins.

Forstöðumenn stofnanna og deilda bera ábyrgð á að upplýsingar um starfsemi og þjónustu séu uppfærðar og réttar. Stofnanir og deildir með eigin vefsíður skulu fylgja vefstefnu sveitarfélagsins.

## Mannlíf

Undir mannlíf eru upplýsingar og tengingar á ýmis félög tengd tómstundum, æskulýðsstarfi, félagslífi, atvinnulífi, ferðaþjónustu og annað í samfélagini. Íbúum er velkomis að koma uppbyggjandi félagasamtökum hér á framfæri.

Frekari upplýsingum um ferðaþjónustu í sveitarfélagini eru gerð skil á visitdalir.is og vesturland.is.

Allir þeir sem hafa í boði lögleg störf, innan þess svæðis að íbúar Dalabyggðar geti sótt þau, geta fengið atvinnuauglýsingar birtar undir laus störf án endurgjalds.

### Samfélagsmiðlar

Sveitarfélagið og einstaka stofnanir geta verið aðilar að samfélagsmiðlum þar sem við á.

Á samfélagsmiðlum skal vanda málfar, virða almennar samskiptareglur og viðhafa kurteisi.


Fyrirspurnum sem falla undir lögbundna skjalavörslu skal beint í aðrar formlegri samskiptaleiðir.

### Umsjón

Ábendingum og leiðréttингum skal komið á framfæri við skrifstofu Dalabyggðar eða við forstöðumann viðkomandi stofnunar/deildar. Skrifstofa Dalabyggðar er að Miðbraut 11, 370 Búðardal. Sími: 430 4700, netfang: [dalir@dalir.is](mailto:dalir@dalir.is)

*Samþykkt á 241. fundi byggðarráðs 27.febrúar 2020*

*Staðfest á 188. fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar 5.mars 2020*



Kristján Sturluson  
sveitarstjóri